

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 30. mars 1971

um breytingu á tilskipunum frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurrófufraeja, fóðurjurtafraeja, sáðkorns og útsæðiskartaflna, tilskipunar frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafraeja og tilskipunar frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafraeja

(71/162/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Af ástæðum sem fram koma hér á eftir ætti að breyta ákveðnum ákvæðum tilskipana ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurrófufraeja <sup>(2)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun frá 18. febrúar 1969 <sup>(3)</sup>, um markaðssetningu fóðurjurtafraeja, <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun frá 18. febrúar 1969 <sup>(5)</sup>, um markaðssetningu sáðkorns <sup>(6)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun frá 18. febrúar 1969 <sup>(7)</sup>, og um markaðssetningu útsæðiskartaflna, <sup>(8)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun frá 18. febrúar 1969 <sup>(9)</sup>, og tilskipunar frá 30. júní 1969 <sup>(10)</sup> um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafraeja og tilskipunar frá 29. september 1970 <sup>(11)</sup> um markaðssetningu matjurtafraeja.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 44.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB nr. L 48, 26. 2. 1969, bls. 4.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB nr. L 48, 26. 2. 1969, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB nr. L 48, 26. 2. 1969, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtuð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

<sup>(9)</sup> Stjtuð. EB nr. L 48, 26. 2. 1969, bls. 7.

<sup>(10)</sup> Stjtuð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

<sup>(11)</sup> Stjtuð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

Í tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 <sup>(12)</sup> var kveðið á um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði.

Breytingar á viðaukum sem í aðalatriðum eru tæknilegar ætti að auðvelda með hraðvirkri málsmeðferð.

Nauðsynlegt er að heimila notkun límmiða.

Víkka ætti út ákvæðin um samanburðarprófanir.

Rétt er að skipta ákveðnum ættkvíslum fóðurjurta í þær tegundir sem eru mikilvægastar í landbúnaði, og breyta ákveðnum tæknilegum ákvæðum.

Að því er olíu- og trefjajurtafrae varðar er ekki nauðsynlegt að kristpálmi og sesamjurt falli undir gildissvið tilskipunarinnar. Hins vegar er rétt að setja sérákvæði um sambýlisplöntur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurrófufraeja breytist sem hér segir:

1. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu erfðabundinna þátta, sem ef til vill verður krafist, sem trúnaðarmál fari ræktunarmaðurinn fram á það.“

<sup>(12)</sup> Stjtuð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

2. Við a-lið 1. mgr. 11. gr., á eftir orðunum „fyrir vottað fræ.“, bætist eftirfarandi  
„Notkun límmiða er heimiluð; þeir mega teljast til lokunarbúnaðar.“
3. Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslið 2. mgr. 16. gr. komi „1. júlí 1972“.
4. Í stað 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:  
„1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun vottaðra rófnafraja sem fengin eru við sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að staðfesta að fræ uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Ráðstafanir vegna samanburðarprófananna og niðurstöður úr þeim skal leggja fyrir nefndina sem um getur í 21. gr.“
5. Við 21. gr. bætist eftirfarandi grein:  
„21. gr. a  
Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja allar breytingar á viðaukunum.“

## 2. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja breytist sem hér segir:

1. Í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Agrostis spec.* língresistegundir“

komi eftirfarandi:

„*Agrostis canina* L. týtulíngresi  
ssp. *canina* Hwd.  
*Agrostis gigantea* Roth stórlíngresi  
*Agrostis stolonifera* L. skriðlíngresi  
*Agrostis tenuis* Sibth. hálíngresi“

2. Í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Lolium spec.* rýgresistegundir

komi eftirfarandi:

„*Lolium multiflorum* Lam. ítalskt rýgresi  
(einnig Westerwold-  
rýgresi)  
*Lolium perenne* L. vallarrýgresi  
*Lolium x hybridum* rýgresisblendingur  
Hausskn.“

3. Í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Poa spec.* sveifgrastegundir

komi eftirfarandi:

„*Poa annua* L. einært varpasveifgras  
*Poa nemoralis* L. kjarrsveifgras  
*Poa palustris* L. fitjasveifgras  
*Poa pratensis* L. vallarsveifgras  
*Poa trivialis* L. hásvveifgras

4. Í b-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Lupinus spec.* lúpínutegundir nema  
*Lupinus perennis* L. refabaunir

komi eftirfarandi:

„*Lupinus albus* L. hvít lúpína  
*Lupinus angustifolius* L. lensulúpína  
*Lupinus luteus* L. gul lúpína

5. Í b-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Vicia spec.* nema flækjutegundir og baunir  
*Vicia faba major* L. nema hestabaunir

komi eftirfarandi:

„*Vicia faba* L. ssp. *faba* hestabaunategund  
var. *equina* Pers.  
*Vicia faba* L. hestabaunategund  
var. *minor* (Peterm.)  
bull.  
*Vicia pannonica* Crantz ungversk flækja  
*Vicia sativa* L. fóðurflækja  
*Vicia villosa* Roth dúnflækja

6. Í 1. mgr. 3. gr., í stað:

„*Lolium spec.*“

komi eftirfarandi:

„*Lolium multiflorum* Lam.

*Lolium perenne* L.

*Lolium x hybridum* Hausskn.“

7. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:  
 „Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu erfðabundinna þátta, sem ef til vill verður krafist, sem trúnaðarmál fari ræktunarmaðurinn fram á það.“
8. Við a-lið 1. mgr. 10. gr., á eftir orðunum „fyrir sölufræ.“, bætist eftirfarandi:  
 „Notkun límmiða er heimilud; þeir mega teljast til lokunarbúnaðar.“
9. Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslið 2. mgr. 16. gr. komi „1. júlí 1972“.
10. Í stað 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:  
 „1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun stofnfræja, þó ekki stofnfræja blendinga og nýrra stofna, og vottaðra fóðurjurtafræja sem fengin eru við sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að staðfesta að fræ uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Ráðstafanir vegna samanburðarprófananna og niðurstöður úr þeim skal leggja fyrir nefndina sem um getur í 21. gr.“
11. Við 21. gr. bætist eftirfarandi:  
 „21. gr. a  
 Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja allar breytingar á viðaukunum.“
12. Í stað orðanna „*Agrostis alba*“ í II. viðauka, a-lið A-hluta 3. mgr. I. hluta, komi „*Agrostis gigantea* Roth“ og í stað orðanna „*Lolium multiflorum* spec.“ komi „*Lolium multiflorum* Lam.“.
13. Í stað tölunnar „0,1“ í II. viðauka, b-lið A-hluta 3. mgr. I. hluta, sem gefur til kynna hámarksinnihald illgresisfræja í *Hedysarum coronarium* L., komi talan „1,5“
14. Við B-hluta 3. mgr. I. hluta II. viðauka bætist eftirfarandi:  
 „f) Fjöldi fræja *Rumex obtusifolius* og *Rumex crispus* skal ekki vera yfir 2 í 5 g sýni.“
15. Í stað a-liðar í C-hluta 3. mgr. I-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:  
 „a) Fjöldi fræja í öðrum lit skal ekki vera yfir 2% fyrir beiska lúpínu og 1% fyrir aðrar lúpínutegundir.“
16. Í stað a-liðar 4. mgr. III-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:  
 „Fjöldi fræja í öðrum lit skal ekki vera yfir 4% fyrir beiska lúpínu og 2% fyrir aðrar lúpínutegundir.“
17. Við a-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi atriði:  
 „10. Fyrir fræ grasa sem engar athuganir á ræktun- og nýtingargildi hafa verið gerðar á samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins frá 29. september 1970<sup>(1)</sup> um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði: „sem ekki eru ætlaðir til framleiðslu á fóðri“.

3. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns breytist sem hér segir:

1. Í A-lið 1. mgr. 2. gr., í stað:

„*Zea mays* L. maís

komi eftirfarandi:

„*Zea mays* L. nema maís nema poppmaís  
*Zea mays* convar. og sykurmaís.“  
*microsperma* (Koern)  
 og *Zea mays* convar.  
*saccharata* (Koern)

2. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu erfðabundinna þátta, sem ef til vill verður krafist, sem trúnaðarmál fari ræktunarmaðurinn fram á það.“

3. Við a-lið 1. mgr. 10. gr., á eftir orðunum „af öðrum ættlið.“, bætist eftirfarandi:

„Notkun límmiða er heimilud; þeir mega teljast til lokunarbúnaðar.“

4. Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslið 2. mgr. 16. gr. komi „1. júlí 1972“.

5. Í stað 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun stofnsáðkorns, þó ekki stofnsáðkorns blendinga og nýrra afbrigða, og vottaðs sáðkorns af öllum tegundum sem fengið er við sýnatöku. Við eftir-

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

könnun er hægt að staðfesta að sáðkorn uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Ráðstafanir vegna sam-  
burðarprófananna og niðurstöður úr þeim skal leggja  
fyrir nefndina sem um getur í 21. gr.“

6. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 21. gr.:

„21. gr. a

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og  
með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja  
allar breytingar á viðaukunum.“

4. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu út-  
sæðiskartaflna breytist sem hér segir:

1. 5. gr. falli niður.

2. Við 1. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi:

„Við samburðarprófanir má enn fremur ganga úr  
skugga um að önnur lágmarksskilyrði sem sett eru í  
I. viðauka séu uppfyllt.“

3. Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslíð 2. mgr. 15. gr.  
komi „1. júlí 1972“.

4. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 19. gr.:

„19. gr. a

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og  
með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja  
allar breytingar á viðaukunum.“

5. gr.

Tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olú- og  
trefjurtufræja breytist sem hér segir:

1. Í 2. gr. falli niður orðin „*Ricinus communis* L — krist-  
pálmi“ og „*Sesamum orientale* L — sesamjurt“ og allar  
tilvísanir til kristpálma og sesamjurtar .

2. Við 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi:

a) í lok b-liðar B-hluta, orðin:

„eða, eftir því sem við á, „vottað fræ af þriðja  
ættlið“;“

b) í C-hluta, í stað orðsins „hampur“, orðið „sérbyl-  
ishampjurt“

c) í D-hluta, á eftir orðinu „jarðhneta“, orðin „sam-  
býlishampjurt“

d) í b-lið D-hluta, á eftir orðunum „vottað fræ af öðr-  
um ættlið“, orðin:

„eða, eftir því sem við á, í flokknum „vottað fræ af  
þriðja ættlið“;“

e) í lok b-liðar E-hluta, orðin:

„eða, eftir því sem við á, til ræktunar fræja í flokkn-  
um „vottað fræ af þriðja ættlið“;“

f) á eftir E-hluta:

„E. a Vottað fræ af öðrum ættlið (sambýlishamp-  
jurt): fræ

a) sem sáð er til með vottuðu fræi af fyrsta  
ættlið sem hefur verið framleitt og er undir  
opinberu gæðaeftirliti með sérstöku tilliti  
til ræktunar á vottfestu fræi af öðrum ætt-  
lið;

b) sem er ætlað til annars en ræktunar á hampi  
sem á að skera þegar hann er í blóma;

c) sem uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka um  
vottað fræ, og

d) sem við opinbera athugun telst uppfylla  
áðurnefnd skilyrði.“

3. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu  
erfðabundinna þátta, sem ef til vill verður krafist, sem  
trúnaðarmál fari ræktunarmaðurinn fram á það.“

4. Við 1. mgr. 10. gr., á eftir orðunum „fyrir sölufræ“,  
bætist eftirfarandi:

„Notkun límmiða er heimiluð; þeir mega teljast til lok-  
unarbúnaðar.“

5. Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslíð 2. mgr. 15. gr.  
komi „1. júlí 1973“.

## 6. Í stað 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun stofnfræja, þó ekki stofnfræja blendinga og nýrra stofna, og vottaðra fræja af öllum tegundum olíu- og trefjajurta sem fengin eru við sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að staðfesta að fræ uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Ráðstafanir vegna samanburðarprófananna og niðurstöður úr þeim skal leggja fyrir nefndina sem um getur í 21. gr.“

## 7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 20. gr.:

„20. gr. a

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja allar breytingar á viðaukunum.“

8. Í 5. mgr. I. viðauka og A-hluta 2. mgr. I. hluta II. viðauka falli niður orðin „kristpálmi“ og „*Ricinus communis*“, „*Sesamum orientale* L.“ og allar skilgreiningar þar að lútandi.9. Í stað orðanna „*Linum usitatissimum*“ í II. viðauka, e-lið B-hluta 2. mgr. I. hluta, komi „*Cannabis sativa*“.

6. gr.

Tilskipun frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja breytist sem hér segir:

## 1. Í stað 1. mgr. 39. gr. komi eftirfarandi:

„1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun stofnfræja, þó ekki stofnfræja blendinga og nýrra stofna, og vottaðra fræja af öllum tegundum olíu- og trefjajurta sem fengin eru við

sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að staðfesta að fræ uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Ráðstafanir vegna samanburðarprófananna og niðurstöður úr þeim skal leggja fyrir nefndina sem um getur í 21. gr.“

## 2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 40. gr.:

„40. gr. a

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, samþykkja allar breytingar á viðaukunum.“

7. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að:

- a) ákvæðum 3. liðar 1. gr., 9. liðar 2. gr., 4. liðar 3. gr., 3. liðar 4. gr. og 1., 2. og 7. liðar 5. gr. frá og með 1. júlí 1970;
- b) ákvæðum 1. liðar 1. gr., 7. og 17. liðar 2. gr., 2. liðar 3. gr., 1. liðar 4. gr., 3. liðar 5. gr. og 6. gr. eigi síðar en 1. júlí 1972;
- c) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1971.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 1971.

Fyrir hönd ráðsins,

M. SCHUMANN

forseti.